

Sp.

85. Tillaga til þingsályktunar

[82. mál]

um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl G. Sigurbergsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi mörkum lögsagnarumdæma í Reykjaneskjördæmi skiptist svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar milli þriggja embætti. Keflavíkurkaupstaður varð sérstakt lögsagnarumdæmi árið 1949 og Keflavíkurflugvöllur árið 1954, en að öðru leyti er um að ræða hluta af lögsagnarumdæmi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Þessi skipting Suðurnesja milli þriggja lögsagnarumdæma getur hvorki talizt hagkvæm að því er varðar þjónustu við íbúa þar né rekstrarkostnað embættanna. Íbúar í Miðnes- og Gerðahreppi verða t. d. að fara um Keflavík, þar sem bæjarfógeti þó situr, og allt til Hafnarfjarðar, þurfi þeir að láta þinglýsa skjali, skrá bifreið eða annast önnur þau erindi, sem embætti sýslumanns varðar. Við svipað óhagræði búa íbúar annarra hreppsfélaga á Suðurnesjum, og væri ólíkt fyrirhafnarminna fyrir þá að fara til Keflavíkur í slíkum erindum.

Enda þótt nokkur fyrirgreiðsla í þessum efnum sé af hendi látin í sveitarfélögum sjálfum, svo sem að dómþing er stundum háð þar og bætur almannatrygginga greiddar þar tiltekna daga, þá jafnast sú þjónusta á nokkrum málaflokkum engan veginn á við það, að íbúarnir ættu þess kost að annast í Keflavík öll þau mál sín, sem nú varða embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Augljóst er, að það stefndi til bættrar þjónustu við íbúa Suðurnesja, að allt svæðið sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar væri eitt og sama lögsagnarumdæmið og heyrði til embætti í Keflavík, þar sem nú þegar er bæjarfógeti.

Hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli starfa 33 lögregluþjónar, þeir annast einnig löggæzlu í Njarðvíkurhreppi samkvæmt sérstökum samningi. Hjá bæjarfógetanum í Keflavík starfa 11 lögregluþjónar, og 2 lögregluþjónar frá embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu annast sérstaklega löggæzlu í öðrum sveitarfélögum, á Suðurnesjum, og ætlunin mun vera að bæta öðrum 2 við á næstunni.

Naumast er efi á því, að fjárhagslega og skipulagslega væri hagkvæmara, að öll löggæzla á Suðurnesjum, þar með töldum Keflavíkurflugvelli, lyti einni stjórn, enda hefur undirnefnd fjárveitinganefndar bent á þá leið til sparnaðar og hagkvæmni í bréfi til fjármálaráðherra.

Ærin rök virðast því hniga til þess, að til bóta væri að breyta skipan lögsagnarumdæma á þann veg, að dóms- og lögreglumál á Suðurnesjum sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri til einu embætti í Keflavík, í stað þess að viðhalda þeirri þri-skíptingu, sem nú er í gildi og er íbúum þessa svæðis til óhagræðis og veldur ríkissjóði ýmsum óþörfum kostnaði.